

# HS Veitur hf.

Ársreikningur

2025

HS Veitur hf.  
Brekustíg 36  
260 Reykjanesbæ  
kt. 431208-0590

# HS Veitur hf.

## Ársreikningur

# 2025

### Efnisyfirlit

|                                             |       |
|---------------------------------------------|-------|
| Áritun óháðs endurskoðanda                  | 2-5   |
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 6-8   |
| Yfirlit um heildarafkomu                    | 9     |
| Efnahagsreikningur                          | 10    |
| Yfirlit um sjóðstreymi                      | 11    |
| Yfirlit um eigið fé                         | 12    |
| Skýringar                                   | 13-29 |
| <b>Óendurskoðuð fylgiskjöl</b>              |       |
| Viðauki 1: Stjórnarháttayfirlýsing          | 30-34 |
| Viðauki 2: Ófjárhagslegar upplýsingar       | 35-37 |
| Viðauki 3: Flokkunarreglugerð ESB           | 40-42 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og hluthafa HS Veitna hf.

## Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning HS Veitna hf. fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma yfirlit um heildar afkomu, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingu á eigin fé, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við þær upplýsingar sem koma fram í endurskoðunarskýrslu okkar til endurskoðunarnefndar í samræmi við 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

## Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð HS Veitum hf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur sem og aðrar siðareglur sem eru viðeigandi við endurskoðun á Íslandi, og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra reglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, höfum við ekki veitt HS Veitum hf. óheimilaða þjónustu sem um getur í 1. mgr. 5. gr reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 537/2014.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Megináherslur við endurskoðunina

Megináherslur við endurskoðunina eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

# Áritun óháðs endurskoðanda

| Megináherslur við endurskoðun                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         | Hvernig við endurskoðuðum megináherslur                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                      |
|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <p><b>Rekstrarfjármunir</b></p> <p>Félagið skiptir varanlegum rekstrarfjármunum sínum niður á þrjár sjóðskapandi einingar sem eru heitt vatn, ferskvatn og rafmagn. Bókfært verð þeirra eigna í árslok nemur 33.252 milljónum króna eða 81% af efnahagsreikning félagsins. Eignirnar eru færðar samkvæmt endurmatsaðferð og voru eignirnar endurmetnar í lok árs 2022. Stjórnendur framkvæma árlegt virðisrýrnunarpróf til að kanna hvort ástæða sé til endurmats. Það er mat stjórnenda að ekki er tilefni til endurmats í lok árs 2025.</p> <p>Virði rekstrarfjármunana er háð mati stjórnenda á rekstri undirliggjandi sjóðskapandi eininga næstu árin auk fjárfestingaþarfar. Þar sem rekstrarfjármunir eru mjög sérhæfðir og stærsta eign félagsins teljum við virðismat þeirra vera megináherslu við endurskoðun okkar.</p> <p>Að því er varðar mat á virði rekstrarfjármuna vísum við í skýringu 13 um rekstrarfjármuni og skýringu 3 um mikilvægar reikningskilaaðferðir.</p> | <p>Í endurskoðun okkar höfum við yfirfarið virðisrýrnunarprófið. Við fórum yfir aðferðarfræðina sem beitt er við virðisrýrnunarprófið og hvort það hafi verið gerðar breytingar á henni milli ára. Einnig fórum við yfir helstu forsendur stjórnenda m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áætlanir sem þeir byggja á við útreikninga í virðisrýrnunarprófinu.</li> <li>• Hver arðsemiskrafan (WACC) er og með hvaða hætti hún er reiknuð og forsendur útreikninganna.</li> </ul> <p>Við fórum yfir hvort útreikningar í virðisrýrnunarprófinu væru unnir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla og einnig lögðum við mat á hvort að skýringar í ársreikningnum varðandi virðismat rekstrarfjármuna væru viðeigandi.</p> |

## Aðrar upplýsingar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar innifela skýrslu stjórnar sem við fengum fyrir áritunardag og ársskýrslu HS Veitna hf., sem við gerum ráð fyrir að fá eftir áritunardag.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við ályktum hvorki um, né veitum staðfestingu á efni þeirra ef frá er talin sú staðfesting varðandi skýrslu stjórnar sem fram kemur hér að neðan.

Í tengslum við endurskoðun okkar ber okkur að lesa framangreindar aðrar upplýsingar og skoða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þekkingu okkar sem við höfum aflað við endurskoðunina. Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að það séu verulegar skekkjur í öðrum upplýsingum sem við fengum fyrir áritunardag ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ef við komumst að því að það séu verulegar skekkjur í ársskýrslu þegar við lesum hana eftir áritunardag ber okkur skylda til að skýra frá því.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðbótar kröfur í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi HS Veitna hf. Ef við á, skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanlega vissu er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

## Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins (framhald)

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur síðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum sett til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það megináherslur í endurskoðuninni. Við lýsum þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé um slík atriði eða í undantekningartilfellum þegar endurskoðandinn metur að ekki skuli upplýsa um viðkomandi atriði þar sem neikvæðar afleiðingar upplýsinganna eru taldar vega þyngra en almannahagsmunir.

Jafnframt því að sinna skyldum okkar sem kjörnir endurskoðendur félagsins hefur Deloitte veitt félaginu ýmsa aðra heimilaða þjónustu svo sem könnun árshlutareiknings, aðra staðfestingarvinnu og reikningsskilaráðgjöf. Deloitte hefur til staðar innri ferla til að tryggja óhæði sitt áður en við tökum að okkur önnur verkefni.

Deloitte var kjorið endurskoðandi HS Veitna hf. á aðalfundi félagsins þann 27. mars 2025. Deloitte hefur verið endurskoðandi HS Veitna hf. síðan á aðalfundi félagsins ársins 2010.

Reykjanesbær, 25. febrúar 2026

## Deloitte ehf.

Kristján Þór Ragnarsson  
endurskoðandi

Heiðar Þór Karlsson  
endurskoðandi

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem fram koma í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Samkvæmt yfirliti um heildarafkomu námu rekstrartekjur félagsins á árinu 11.305 milljónum króna og nam heildarhagnaður ársins 1.907 milljónum króna móti heildarhagnaði árið 2024 upp á 1.298 m.kr. Helstu breytingar eru auknar tekjur vegna raforkuflutnings (479 m.kr.), raforkusölu (120 m.kr.) og annara tekna (76 m.kr.) Kostnaður vegna raforkuflutnings hækkaði (387 m.kr.), orkukaupa lækkaði (164 m.kr.) og fljármagnsliðir drógust saman (191 m.kr.) vegna reiknaðara verðbóta.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru fastafjármunir HS Veitna hf þann 31. desember 2025 bókfærðir á 33.964 m.kr. og hækkuðu um 1.494 m.kr. frá ársbyrjun. Fjárfestingar í veitukerfum 2025 námu alls um 2.402 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.778 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 407 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 217 m.kr. Sambærilegar tölur frá fyrra ári eru eftirfarandi: fjárfestingar í veitukerfum 1.789 m.kr. þar af vegna raforkudreifingar 1.408 m.kr., vegna sölu og dreifingar á heitu vatni 241 m.kr. og vegna sölu og dreifingar á fersku vatni 140 m.kr. Aðrar fjárfestingar svo sem fasteignir, upplýsingakerfi og bifreiðar voru samtals 353 m.kr. á árinu 2025 en 121 m.kr. árið áður.

Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé í árslok 17.931 milljónir króna og er eiginfjárhlutfall félagsins 43,46%. Í árslok 2024 var eigið fé 17.024 milljónir króna og eiginfjárhlutfall 47,2%. Stöðugildi námu að meðaltali 97 á árinu 2025 sem er einu færri en árið 2024.

Nánar er fjallað um starfsemi HS Veitna hf í árskýrslu fyrir árið 2025 sem birt er á aðalfundi og heimasíðu félagsins.

Jarðskjálftar og eldgos hafa verið áberandi á Reykjanesi undanfarin ár. Talið er að um langvarandi goshrinu gæti verið að ræða og líkur á endurteknum jarðhræringum og eldgosum næstu árin. Náttúruhamfarir á Reykjanesi hafa valdið skemmdum á dreifikerfum HS Veitna í Grindavík og eru þau að hluta til löskuð í bænum eftir jarðsig, jarðgliðnun og hraunflæði með tilheyrandi kostnaði, tekjutapi og tjóni á eignum fyrirtækisins. Félagið hefur þurft að ráðast í fjölmargar viðgerðir og framkvæmdir á veitukerfum í og við Grindavík til þess að halda uppi þjónustu við viðskiptavinum. Áhrifin af jarðhræringunum gætu síðar komið fram í auknum viðhaldskostnaði og nýframkvæmdum en vegna aðstæðna í bænum hefur ekki verið unnt að meta umfang skemmda í dreifikerfunum. Orkuver HS Orku í Svartsengi sem sér HS Veitum fyrir heitu og köldu vatni á Suðurnesjum og rafmagni að hluta er staðsett í grennd við þau svæði þar sem gosið hefur undanfarin ár. Vegna þessa er sá möguleiki fyrir hendi að orku- og neysluvatns afhending stöðvist til skemmri eða lengri tíma. HS Veitur hafa í samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélögin á Suðurnesjum og aðra hagaðila gripið til ýmissa aðgerða til að verja eignir og minnka líkur á þjónusturofi, meðal annars með styrkingu rafdreifikerfisins og uppsetningu varavatsnbólts og neyðarkyndistöðva. Í skoðun er til hvaða frekari mótvægisáðgerða er unnt að ráðast í, til að auka áfallapol orku- og veitukerfanna á svæðinu enn frekar.

Þrátt fyrir að ekki séu taldar líkur á langvarandi rafmagnsleysi vegna mögulegra náttúruhamfara á Reykjanesi þá er enn áhætta í rekstri HS Veitna hvað varðar raforkuöryggi á Suðurnesjum á meðan Suðurnesjalína 2 er ekki komin í gagnið. Á árinu 2024 fékk Landsnet framkvæmdaleyfi eftir margra ára leyfisferli og eru framkvæmdir hafnar að hluta. Enn liggur þó ekkert fyrir um hvenær framkvæmdum við Suðurnesjalínu 2 lýkur þar sem verkefnið er enn að tefjast vegna vinnu við eignarnám og dómsmál.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Vegna þeirra óvissu sem til staðar er varðandi framtíð veitukerfa félagsins í Grindavík, hafa ekki verið færðar neinar varúðarfærslur í ársuppgjörinu. Viðræður standa yfir við NTÍ varðandi uppgjör tjónabóta á þeim eignum sem þegar hafa fengið tjónamat. Félagið fékk á árinu 2025 um 169 m.kr. í tjónabætur og væntir frekari greiðslna á árinu 2026.

Þrátt fyrir framangreinda atburði teljum við rekstrarhæfi félagsins gott og horfur um rekstur fyrirtækisins eru góðar.

## Hlutfé og samþykktir

Hlutfé HS Veitna í árslok 2025 eru 659.780 hlutir en á árinu voru keypt eigin bréf fyrir 41.170 m.kr að nafnverði fyrir 1.000 m.kr. Í kjölfar kaupa var hutafé félagsins lækkað um þessa hluti. Í lok ársins voru hluthafar í félaginu 3 en þeir eru: Reykjanesbær með 50,1% hlut, HSV Eignarhaldsfélag slhf. með 49,8% hlut og Suðurnesjabær með 0,1% hlut. Engin breyting varð á hluhöfum á árinu.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2026 en mun koma með tillögu um kaup að eigin bréfum á aðalfundi félagsins. Hagnaður félagsins verður yfirfærður til næsta árs.

## Góðir stjórnarhættir.

Stjórn HS Veitna hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum. Góðir stjórnarhættir eru að mati stjórnar og stjórnenda undirstaða trausts og framþróunar og treysta þannig samband allra sem koma að félaginu. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Félagið leitast við að fylgja eftir leiðbeiningum um góða stjórnarhætti útgefnum af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Sjá má stjórnháttaryfirlýsingu í viðauka 1. Í stjórn félagsins eru fjórir karlar og þrjár konur líkt og á fyrra ári.

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Samkvæmt lögum um ársreikninga skulu einingar tengdar almannahagsmunum veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, stefnu í mannréttindamálum, hvernig það spornar við spillingar- og mútumálum auk stuttrar lýsingar á viðskiptalíkani félagsins og fleira. Gerð er grein fyrir stefnu og árangri félagsins í þessum málum í viðauka 2 með ársreikningnum. Í viðauka 3 er að finna upplýsingagjöf félagsins í samræmi við kröfur Flokkunarreglugerðar ESB sem tók gildi 1. júní 2023 en gildir fyrir allt fjárhagsárið 2025.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem fram koma í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og er það álit stjórnar og forstjóra HS Veitna hf. að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Jafnframt er það álit okkar að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem fyrirtækið býr við.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Stjórn og forstjóri HS Veitna hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjanesbær, 25. febrúar 2026

## Í stjórn

---

Friðjón Einarsson  
Stjórnarformaður

---

Heiðar Guðjónsson

---

Andri Freyr Stefánsson

---

Halldóra Friða Þorvaldsdóttir

---

Margrét Sanders

---

Ómar Örn Tryggvason

---

Þórunn Helga Þórðardóttir

## Forstjóri

---

Páll Erland  
Forstjóri

## Yfirlit um heildarafkomu árið 2025

|                                                | Skýr. | 2025             | 2024             |
|------------------------------------------------|-------|------------------|------------------|
| Rekstrartekjur .....                           | 6     | 11.304.706       | 10.533.529       |
| Kostnaðarverð sölu .....                       |       | (7.056.259)      | (6.915.393)      |
| <b>Vergur hagnaður</b>                         |       | <b>4.248.447</b> | <b>3.618.137</b> |
| Annar rekstrarkostnaður .....                  | 7     | (1.096.633)      | (980.059)        |
| <b>Rekstrarhagnaður</b>                        |       | <b>3.151.814</b> | <b>2.638.077</b> |
| Fjármunatekjur .....                           |       | 184.182          | 181.227          |
| Fjármagnsgjöld .....                           |       | (1.049.981)      | (1.239.175)      |
| Gengismunur .....                              |       | (727)            | 336              |
|                                                | 10    | (866.526)        | (1.057.612)      |
| <b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>               |       | <b>2.285.288</b> | <b>1.580.465</b> |
| Tekjuskattur .....                             | 11    | (377.892)        | (282.131)        |
| <b>Heildarhagnaður ársins</b>                  |       | <b>1.907.396</b> | <b>1.298.334</b> |
| <b>Hagnaður á hlut:</b>                        |       |                  |                  |
| Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut ..... | 19    | 2,76             | 1,85             |
| <b>Aðrar upplýsingar:</b>                      |       |                  |                  |
| EBITDA .....                                   | 6     | 4.381.890        | 3.820.215        |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir                                           | Skýr. | 31.12.2025        | 31.12.2024        |
|--------------------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| <b>Fastafjármunir</b>                            |       |                   |                   |
| Varanlegir rekstrarfjármunir .....               | 13    | 33.252.091        | 31.744.339        |
| Óefnislegar eignir .....                         | 14    | 359.331           | 375.826           |
| Leigueignir .....                                | 5     | 317.939           | 314.698           |
| Eignarhlutar í félögum .....                     |       | 34.214            | 34.214            |
|                                                  |       | <u>33.963.575</u> | <u>32.469.077</u> |
| <b>Veltufjármunir</b>                            |       |                   |                   |
| Vörubirgðir .....                                | 15    | 830.887           | 929.452           |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....   | 16    | 1.525.466         | 1.420.277         |
| Handbært fé .....                                | 17    | 4.940.472         | 1.248.125         |
|                                                  |       | <u>7.296.825</u>  | <u>3.597.853</u>  |
| <b>Eignir</b>                                    |       | <u>41.260.400</u> | <u>36.066.930</u> |
| <b>Eigið fé og skuldir</b>                       |       |                   |                   |
| <b>Eigið fé</b>                                  |       |                   |                   |
| Hlutfé .....                                     | 18    | 659.780           | 700.950           |
| Lögbundinn varasjóður .....                      |       | 164.945           | 175.238           |
| Endurmatsreikningur .....                        |       | 3.653.496         | 3.824.425         |
| Óráðstafað eigið fé .....                        |       | 13.453.043        | 12.323.256        |
|                                                  |       | <u>17.931.264</u> | <u>17.023.868</u> |
| <b>Langtímaskuldir og skuldbindingar</b>         |       |                   |                   |
| Vaxtaberandi skuldir .....                       | 20    | 17.231.240        | 13.261.153        |
| Leiguskuldbindingar .....                        | 21    | 367.215           | 355.522           |
| Fyrirframinnheimtar tekjur .....                 | 22    | 302.555           | 371.762           |
| Tekjuskattsskuldbinding .....                    | 23    | 2.425.736         | 2.399.162         |
|                                                  |       | <u>20.326.746</u> | <u>16.387.600</u> |
| <b>Skammtímaskuldir</b>                          |       |                   |                   |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..... | 24    | 1.206.416         | 1.200.300         |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda .....        | 20    | 1.373.343         | 1.116.007         |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga .....    | 21    | 2.107             | 1.927             |
| Ógreiddir reiknaðir skattar .....                | 11    | 351.318           | 268.022           |
| Fyrirframinnheimtar tekjur .....                 | 22    | 69.207            | 69.207            |
|                                                  |       | <u>3.002.390</u>  | <u>2.655.463</u>  |
|                                                  |       | <u>23.329.136</u> | <u>19.043.062</u> |
|                                                  |       | <u>41.260.400</u> | <u>36.066.930</u> |

## Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

|                                                        | Skýr. | 2025               | 2024               |
|--------------------------------------------------------|-------|--------------------|--------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                              |       |                    |                    |
| Rekstrarhagnaður .....                                 |       | 3.151.814          | 2.638.077          |
| Afskriftir .....                                       | 9     | 1.230.076          | 1.182.138          |
| Söluhagnaður fastafjármuna .....                       |       | (161.235)          | (14.917)           |
| Breyting niðurfærslu viðskiptakrafna .....             | 16    | (6.503)            | 6.511              |
| <b>Veltufé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts</b>     |       | <b>4.214.151</b>   | <b>3.811.810</b>   |
| Vörubirgðir, lækkun, (hækkun) .....                    |       | 98.565             | (114.988)          |
| Aðrar rekstrartengdar eignir, (hækkun) .....           |       | (95.106)           | (25.991)           |
| Rekstrartengdar skuldir (lækkun), hækkun .....         |       | (18.689)           | 190.242            |
| Fyrirframinnheimtar tekjur, (lækkun) .....             |       | (69.207)           | (69.397)           |
| <b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og tekjuskatts</b> |       | <b>4.129.713</b>   | <b>3.791.676</b>   |
| Innborgaðir vextir og arður .....                      |       | 184.182            | 180.621            |
| Greiddir vextir .....                                  |       | (517.915)          | (527.168)          |
| Greiddir skattar .....                                 |       | (243.141)          | (182.981)          |
| <b>Handbært fé frá rekstri</b>                         |       | <b>3.552.840</b>   | <b>3.262.148</b>   |
| <b>Fjárfestingahreyfingar</b>                          |       |                    |                    |
|                                                        | 13,14 |                    |                    |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....       |       | (2.755.306)        | (1.949.364)        |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum .....                 |       | (5.881)            | 0                  |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir .....              |       | 208.110            | 22.210             |
|                                                        |       | <b>(2.553.076)</b> | <b>(1.927.154)</b> |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                          |       |                    |                    |
| Nýjar langtímaskuldir .....                            |       | 4.841.500          | 0                  |
| Afborganir langtímaskulda .....                        | 20    | (1.146.938)        | (1.064.382)        |
| Afborganir leiguskulda .....                           | 21    | (1.978)            | (1.814)            |
| Kaup á eigin bréfum .....                              |       | (1.000.000)        | 0                  |
|                                                        |       | <b>2.692.584</b>   | <b>(1.066.196)</b> |
| Hækkun handbærs fjár .....                             |       | 3.692.348          | 268.798            |
| Handbært fé í upphafi árs .....                        |       | 1.248.125          | 979.327            |
|                                                        |       | <b>4.940.472</b>   | <b>1.248.125</b>   |

## Yfirlit um eigið fé árið 2025

|                                       | Hlutfé   | Lögbundinn<br>varasjóður | Endurmats<br>reikningur | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals<br>eigið fé |
|---------------------------------------|----------|--------------------------|-------------------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1. janúar 2024 .....         | 700.950  | 175.238                  | 3.995.491               | 10.853.855             | 15.725.534          |
| Hagnaður ársins .....                 |          |                          |                         | 1.298.334              | 1.298.335           |
| Upplausn afskrifta af endurmati ..... |          |                          | (171.066)               | 171.066                | 0                   |
| Eigið fé 31. desember 2024 .....      | 700.950  | 175.238                  | 3.824.425               | 12.323.256             | 17.023.868          |
| Eigið fé 1. janúar 2025 .....         | 700.950  | 175.238                  | 3.824.425               | 12.323.256             | 17.023.868          |
| Hagnaður ársins .....                 |          |                          |                         | 1.907.396              | 1.907.396           |
| Upplausn afskrifta af endurmati ..... |          |                          | (170.928)               | 170.928                | 0                   |
| Keypt eigin bréf .....                | (41.170) | (10.293)                 |                         | (948.538)              | (1.000.000)         |
| Eigið fé 31. desember 2025 .....      | 659.780  | 164.946                  | 3.653.496               | 13.453.042             | 17.931.264          |

# Skýringar

## 1. Félagið

HS Veitur hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Lögheimili þess er að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið var stofnað 1. desember 2008 í kjölfar skiptingar Hitaveitu Suðurnesja hf. í HS Orku hf. og HS Veitur hf. Félagið annast dreifingu á rafmagni, heitu vatni og köldu vatni.

## 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu, breytingar á þeim og nýjar túlkánir sem gilda fyrir reikningsskilatímabil sem hófust 1. janúar 2025 eða síðar. Eftirfarandi staðall og endurbætur tóku gildi 1. janúar 2025:

- IAS 21 Áhrif gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla

Leiðbeiningar varðandi mat á skiptanleika gjaldmiðla og skiptagengi

Það er mat stjórnenda að innleiðing ofangreindra endurbóta á stöðlum hafi ekki haft veruleg áhrif á ársreikninginn.

Félagið hefur ekki innleitt nýja eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi fyrir reikningsárið 2025:

- IFRS 18 Framsetning og skýringar í reikningsskilum

Gildistaka 1. janúar 2027

- IFRS 19 Dótturfélög án almannaábyrgðar: Skýringar

Gildistaka 1. janúar 2027

Það er mat stjórnenda að innleiðing á IFRS 18 muni hafa áhrif á framsetningu upplýsinga í reikningsskilunum án þess að hafa áhrif á reikningshaldslegt mat. Unnið er að undirbúningi við innleiðingu staðalsins en áhrif liggi ekki fyrir. Evrópusambandið hefur ekki staðfest innleiðingu á IFRS 18 og IFRS 19 að svo stöddu, en búist er við staðfestingu á IFRS 18 á fyrsta ársfjórðungi ársins 2026. Þá er það jafnframt mat stjórnenda að innleiðing annarra staðla eða endurbóta á stöðlum í útgáfu sem ekki hafa tekið gildi muni hafa engin eða óveruleg áhrif á reikningsskilin.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur HS Veitna hf. fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum nr 3/2006 um ársreikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskyldu að rekstrarfjármunir eru metnir samkvæmt endurmatsaðferð. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum félagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem mikilvægi ákvarðana varðandi beitingu reikningsskilaaðferða hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- Skýring 13 - rekstrarfjármunir

### Erlendir gjaldmiðlar

#### Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörstegi, efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirkni í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirkni þeirra var ákvarðað. Áhrif gengisbreytinga eru færð meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Fjármálagerningar

Til fjáreigna og fjárskulda teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu. Þegar fjármálagerningar eru ekki metnir á gangvirði gegnum rekstrarreikning, er allur beinn viðskiptakostnaður hluti af gangvirði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem hér greinir.

#### *Fjáreignir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjáreign sem áætlað er að eiga til gjalddaga og samningsbundnar greiðslur á settum gjalddögum samanstanda einungis af afborgunum af höfuðstól og vöxtum, skal skrá á afskrifuðu kostnaðarverði nema gerningurinn sé skilgreindur á gangvirði í gegnum rekstrarreikning í samræmi við gangvirðisheimildina. Slíkar eignir eru upphaflega færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru slíkar fjáreignir metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun. Fjáreignir félagsins sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru viðskiptakröfur, aðrar skammtímakröfur og handbært fé.

#### *Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning*

Eignarhlutar í öðrum félögum þar sem félagið hefur ekki yfirráð eða veruleg áhrif eru metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Einnig er heimilt að meta slíkar fjárfestingar sem ekki eru veltufjáreignir eða óvisst gagngjald í yfirtöku í samræmi við IFRS 3 á gangvirði í gegnum aðra heildaraðkomu, og telst slík flokkun endanleg.

#### *Virðisrýrnun fjáreigna*

Virðisrýrnunarlíkan IFRS 9 byggir á væntu útlánatapi. Fjáreignir félagsins sem falla undir gildissvið virðisrýrnunarlíkansins eru viðskiptakröfur, aðrar kröfur (að undanskildum fyrirframgreiðslum og afdráttarsköttum) og handbært fé.

Við mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur beitir félagið einfaldaðri nálgun. Sú nálgun krefst þess að félagið meti niðurfærslu sem er jöfn væntu útlánatapi á líftíma viðskiptakrafanna. Viðskiptakröfum félagsins er skipt niður í flokka eftir þeim fjölda daga sem þær eru komnar fram yfir gjalddaga. Við mat á föstu niðurfærsluhlutfalli fyrir hvern flokk er horft til sögulegrar tapssögu félagsins, leiðréttri fyrir framtíðarvæntingum um efnahagslega þróun ef þörf er á. Sjá nánari umfjöllun um mat á væntu útlánatapi fyrir viðskiptakröfur í skýringu 16.

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í virði ef hlutlegar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir, sem hafa orðið, hafa áhrif á vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar og hægt er að meta virðisrýrnun með áreiðanlegum hætti. Félagið færir sértæka niðurfærslu fyrir fjáreignir þar sem hlutlæg vísbending er um virðisrýrnun.

Breytingar á virðisrýrnunarframlagi fjáreigna í afskriftareikning eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem matið fer fram. Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð.

#### *Afskráning fjáreigna*

Félagið afskráir fjáreignir þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhætta og ávinningur af fjáreigninni flyst yfir á annan aðila.

#### *Fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarverði*

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og nettó fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar lagalegur réttur er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda.

# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

#### Færsla og mat

Rekstrarfjármunir félagsins eru færðir til eignar á kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna sem félagið byggir sjálft innifelur efniskostnað, launakostnað og annan kostnað sem fellur til við að koma eigninni í notkun. Keyptur hugbúnaður sem er nauðsynlegur til að unnt sé að nýta vélbúnað er eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Í samræmi við heimildir IFRS eru rekstrarfjármunir félagsins færðir samkvæmt endurmatsaðferð. Rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eigna var aflað. Endurmatið er framkvæmt með reglubundnum hætti, þegar stjórnendur meta það að verulegar breytingar hafi orðið á gangvirði eignanna. Breytingar á endurmati eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að frádregnum tekjuskattsáhrifum. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu, afskriftir eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé. Nánar er fjallað um framkvæmd endurmats í skýringu 13.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning.

#### Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

#### Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

|                                     |       |
|-------------------------------------|-------|
| Rafveitukerfi .....                 | 50 ár |
| Rafmagnsmælar .....                 | 16 ár |
| Hitaveitu- og ferskvatnskerfi ..... | 50 ár |
| Hitaveitu- og vatnsmælar .....      | 12 ár |
| Skjámyndakerfi .....                | 10 ár |
| Aðrir rekstrarfjármunir .....       | 5 ár  |

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum uppgjörsdegi.

#### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru eignfærðar þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnaðarverð eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

#### Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta óefnislegra eigna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

# Skýringar

## Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

### Afskriftir

Afskriftir eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma óefnislegra eigna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

|                      |       |
|----------------------|-------|
| Nýtingarréttur ..... | 35 ár |
| Hugbúnaður .....     | 5 ár  |

### Vörubirgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsteggi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

### Virðisrýrnun eigna annarra en fjáreigna

Bókfært verð annarra eigna, að undanskildum birgðum, er yfirfarið á hverjum uppgjörsteggi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

|                         | 3.552.305                 | 3.640.157                      | 5.983.715                      | 11.892.530         | 25.068.707 |

### Lausafjáráhætta

#### Skuldir 31.12.2024

|                         | Til greiðslu<br>árið 2025 | Til greiðslu<br>árin 2026-2027 | Til greiðslu<br>árin 2028-2030 | Eftir<br>árið 2030 | Samtals    |
|-------------------------|---------------------------|--------------------------------|--------------------------------|--------------------|------------|
| Óvaxtaberandi .....     | 1.468.322                 | 0                              | 0                              | 0                  | 1.468.322  |
| Með föstum vöxtum ..... | 1.586.833                 | 3.173.666                      | 4.760.498                      | 8.006.873          | 17.527.870 |
|                         | 3.055.155                 | 3.173.666                      | 4.760.498                      | 8.006.873          | 18.996.192 |

# Skýringar

## 25. Fjármálagerningar (framhald)

### Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta félagsins er óveruleg þar sem skuldir félagsins eru einvörðungu í íslenskum krónum sem og tekjur þess og gjöld.

### Vaxtaáhætta og verðbótaáhætta

Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins greinast með eftirfarandi hætti í lok ársins:

|                                            | 2025       | 2024       |
|--------------------------------------------|------------|------------|
| <b>Fjármálagerningar með föstum vöxtum</b> |            |            |
| Verðtryggðar fjárskuldir .....             | 18.604.583 | 14.377.160 |

### Næmnigreining gangvirkis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar félagsins með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Því eiga vaxtabreytingar á uppgjörstegi ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning félagsins. Óveruleg vaxtaáhætta er til staðar.

### Næmnigreining vegna verðbóta

Ef verðlag hefði verið 1% hærra á uppgjörstegi hefði afkoma ársins eftir tekjuskatt hækkað (lækkað) um eftirfarandi fjárhæðir. Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2024.

|                                | 2025      | 2024      |
|--------------------------------|-----------|-----------|
| Verðtryggðar fjárskuldir ..... | (148.837) | (113.580) |

Lækkun verðlags um 1% hefði haft sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

### Gangvirði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda í efnahagsreikningi endurspeglar gangvirði þeirra að undanskyldu gangvirði lána vegna vaxtaumhverfis:

|                            | 2025            |            | 2024            |            |
|----------------------------|-----------------|------------|-----------------|------------|
|                            | Bókfært<br>verð | Gangvirði  | Bókfært<br>verð | Gangvirði  |
| Vaxtaberandi skuldir ..... | 18.604.583      | 17.687.629 | 14.377.160      | 14.097.429 |

## 26. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar um laun stjórnar og framkvæmdastjórnar koma fram í skýringu nr. 8.

Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

|                                      |                            |                           |        |         |
|--------------------------------------|----------------------------|---------------------------|--------|---------|
| Viðskipti við tengd félög árið 2025: | Keypt þjónusta<br>og vörur | Seld þjónusta<br>og vörur | Kröfur | Skuldir |
| Reykjanesbær, hluthafi .....         | 26.426                     | 249.377                   | 24.926 | 0       |
| Viðskipti við tengd félög árið 2024: | Keypt þjónusta<br>og vörur | Seld þjónusta<br>og vörur | Kröfur | Skuldir |
| Reykjanesbær, hluthafi .....         | 24.367                     | 235.693                   | 27.790 | 0       |

## 27. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var staðfestur á stjórnarfundum þann 25. febrúar 2026.

# Viðauki 1: Stjórnháttayfirlýsing

## Inngangur

HS Veitur reka rafveitur, hitaveitur og vatnsveitur á starfssvæðum sínum eins og nánar er lýst í árskýrslu félagsins. Umræddir innviðir eru allir reknir í sérleifi og um þá gilda sérlægðir hver á sínu sviði og ýmsar reglugerðir settar á grundvelli umræddra laga. Sérleifisstarf-semin er eftirlitsskyld og taka stjórnarhættir félagsins mið af sérstökum skyldum sem viðkomandi sérlægðir leggja á rekstur samfélagslega mikilvægra innviða. Þá gilda um félagið ýmis lög á sviði félagaréttar, fjármála- og skattaréttar. Helstu lagaákvæði sem um ræðir eru eftirtalin.

- Um starfsemi rafveitna HS Veitna gilda raforkulög nr. 65/2003 og ýmsar reglugerðir settar á grundvelli þeirra auk reglna og leiðbeininga sem Raforku-efirlitið setur ýmsum þáttum starfseminnar.
- Um starfsemi hitaveitna HS Veitna gilda ákvæði Orkulaga nr. 58/1967 og reglugerðir setta á grundvelli þeirra.
- Um starfsemi vatnsveitna HS Veitna gilda lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 ásamt samsvarandi reglugerð um vatnsveitur, reglugerð um neysluvatn, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir o.fl. (starfsleifi, eftirlit o.fl.)
- Ýmiss önnur sérlægðir gilda um starfsemina og má þar m.a. nefna lög um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998 sem m.a. fjalla um forgangs- og rétt sveitarfélaga til nýtingar á grunnvatni og jarðhitavatni innan marka sveitarfélaganna vegna þarfa vatnsveitna og hitaveitna sem starfa inni marka þeirra. HS Veitur fara með sérleifi vegna þessara veitna í umboði viðkomandi sveitarfélaga.
- Þá gilda um starfsemi HS Veitna reglugerð fyrir félagið nr. 944/2018. Reglu-gerðin er sett með stöð í orkulögum og raforkulögum.
- HS Veitur er hlutafélag og lög um hlutafélög gilda um félagið, ábyrgð stjórnar- og manna o.s.frv. Þá gilda um félagið og starfsemi þess m.a. lög um ársreikninga 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum, nr. 60/2021 og ýmiss lög á skattasviðinu, s.s. lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um skattskyldu orkufyrirtækja nr. 50/2005, lög um virðisauka-skatt nr. 50/1988 o.fl.

Stjórnarhættir félagsins taka mið af framangreindum lögum og þeim skyldum sem þær leggja á félagið og rekstur veituvinnviðanna. Þá eru hafðar til hlífðar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja (6. útgáfa), sem finna má á heimasíðunni [www.leidbeiningar.is](http://www.leidbeiningar.is) en þær eru unnar í samstarfi Viðskiptaráðs Íslands, Samtaka atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi.

## Eftirlit, áhættuþættir o.fl.

Stjórnendur félagsins viðhafa virkt eftirlit með áhættuþáttum sem hafa áhrif á rekstur og afkomu félagsins, með það að markmiði að styðja við árangur og skilvirkni í starfseminni. Eftirlit þetta er samfínt daglegum rekstri félagsins og störfum stjórnenda. Til að tryggja að reikningshald félagsins séu í samræmi við lög og alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) hefur félagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og viðunandi aðgreiningu starfa og ábyrgðar.

Á hverjum stjórnarfundum er lögð fram skýrsla um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundinum auk mánaðarlegra uppgjöra sem er mikilvægur þáttur í eftirliti með afkomu og öðrum lykilþáttum í starfsemi félagsins. Stjórn hefur sett reglu um lágmarks eiginfjárhlutfall til að tryggja rekstraröryggi félagsins.

## Stjórn HS Veitna hf.

Aðalfundur félagsins kys árlaga sjö stjórnarmenn til starfa í stjórn félagsins, og þrjá varamenn. HS Veitur hf. leggja áherslu á að til starfa í stjórn og önnur stjórnendahlutverk veljist fólk af fjölbreyttum aldri, kyni og hafi bakgrunn og reynslu sem styðji við framgang félagsins. Forstjóri og framkvæmdastjóri fjármála sitja alla stjórnarfundum. Stjórn félagsins, ásamt forstjóra, fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Meginmarkmið stjórnar er að hafa eftirlit með að rekstur félagsins sé skilvirkur og hagkvæmur og í samræmi við kröfur laga og reglna sem um starfsemina gilda á hverjum tíma. Starfi stjórnar er einnig ætlað að stuðla að framgangi félagsins og tryggja árangur þess til lengri tíma lítið með því að marka stefnu félagsins. Stjórn félagsins annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn ræður forstjóra félagsins og ákveður starfskjör hans. Forstjóri er ábyrgur fyrir daglegri starfsemi félagsins og fylgir stefnu þess sem mótuð er af stjórn félagsins.

## Undirnefndir stjórnar

Stjórn HS Veitna hf. fer með hlutverk starfskjaranefndar, en starfskjarastefna félagsins er aðgengileg á heimasíðu þess. Enginn stjórnarmaður er starfsmaður hjá félaginu. Regluvörður er skipaður af stjórn og hefur umsjón með að reglum um innherjaupplýsingar sé fylgt. Í endurskoðunarnefnd HS Veitna hf. sitja þrír nefndarmenn sem skipaðir eru af stjórn félagsins til eins árs í senn. Stjórn leggur áherslu á að til nefndarstarfa veljist hæfir einstaklingar, sem hafa reynslu og þekkingu sem nýtist í starfsemi félagsins. Nefndin hefur sett sér starfsreglur sem yfirfarnar eru og brennar upp til staðfestingar í stjórn árlaga. Hlutverk nefndarinnar er m.a. að tryggja gæði ársreikninga og annarra fjárhagsupplýsinga og óhæði endurskoðenda þess. Endurskoðunarnefnd yfirfer einnig stjórnháttayfirlýsingu ár hvert. Endurskoðunarnefnd hefur eftirlit með því að stjórn félagsins tryggi með stefnu sinni og verklagsreglum að félagið hafi skjalað innra eftirlit á þann hátt að innleiddar eftirlitsaðgerðir séu tengdar þeim áhættum sem þeim er ætlað að verja eða draga úr, auk þess að það beri með sér hvert markmið með eftirlitinu er. Nefndin yfirfer með stjórnendum, og ytri endurskoðendum eftir þörfum, hvort innra eftirlit og áhættustýring virki sem skyldi. Endurskoðunarnefnd skilar stjórn árlægri skýrslu um störf sín. Í árslok 2025 er endurskoðunarnefnd skipuð Halldóru Friðu Þorvaldsdóttur sem er formaður, Heiðari Guðjónssyni og Margréti Sanders.

Stjórn félagsins fundar að jafnaði mánaðarlega. Á árinu 2025 voru haldnir 13 stjórnarfundir og 3 fundir í endurskoðunarnefnd. Meiri hluti stjórnar og nefnda hefur mætt á alla fundum. Stjórn metur árlaga störf sín, samsetningu, verklag og starfshætti, svo og störf undirnefnda, frammistöðu forstjóra og annarra stjórnenda. Þá fylgist stjórn með framgangi félagsins og tryggir að hann sé í samræmi við markmið þess. Starfsreglur stjórnar og endurskoðunarnefndar má nálgast á vefsíðu félagsins.

# Viðauki 1: Stjórnháttayfirlýsing

## Starfsreglur stjórnar

Stjórn HS Veitna hf. hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Í þeim er meðal annars að finna reglur um fundarsköp, fundargerðir stjórnar, þagnar- og trúnaðarskyldu auk reglna um hæfi stjórnarmanna til þátttöku við afgreiðslu mála. Þar eru einnig að finna reglur um upplýsingagjöf forstjóra gagnvart stjórn og ákvörðunarvald stjórnar. Stjórn HS Veitna hf. fær að minnsta kosti ársfjórðungslega skýrslu yfir framgang stærstu fjárfestingarverkefna félagsins hverju sinni. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um frávík frá kostnaðar- og tímaáætlunum sem og umfjöllun þar um. Skýrslan er kynnt endurskoðunarnefnd og er henni falið að veita umsögn um skýrsluna sem lögð skal fyrir samhliða skýrslunni sjálfri á stjórnarfundum félagsins.

## Forstjóri og framkvæmdastjórar

Forstjóri HS Veitna hf. er Páll Erland. Forstjóri annast daglegan rekstur fyrirtækisins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu sem stjórn hefur markað. Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar en stjórn getur þó veitt forstjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Eins getur forstjóri afgreitt slík mál ef ekki er unnt að biða ákvörðunarvald stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir félagið. Komi slík tilvik upp skal forstjóri tafarlaust tilkynna formanni stjórnar um afgreiðslu málsins.

Framkvæmdastjórn félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri og fylgni við fjárhagsáætlun félagsins. Við árslok 2025 skipuðu eftirfarandi aðilar framkvæmdarstjórn:

- Páll Erland, forstjóri fyrirtækisins. Ásamt fyrrgreindri lýsingu heyrta lögfræðimál og markaðs- og kynningarmál félagsins beint undir forstjóra.
- Anna Birgitta Geirfinnsdóttir er framkvæmdastjóri fjármála. Hún ber ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar, uppgjörum og reikningsskilum félagsins og eftirliti með þeim. Fjármálin veita þjónustu sem skapar yfirsýn á rekstur félagsins, rekur ferli sem tryggir öflun aðfanga og stýringu fjármagns. Einnig ber þau ábyrgð á innkaupa og birgðamálum félagsins.
- Egill Sigmundsson er framkvæmdastjóri veitukerfa. Hann ber ábyrgð á dreifikerfum fyrir rafmagn, heitt og kalt vatn hjá félaginu. Veitukerfin tryggja uppbyggingu, rekstur og viðhald á dreifikerfum, tryggja að kerfin séu tiltæk á hverjum tíma og rekstur þeirra sé með sem skilvirkustum hætti.
- Jónas Dagur Jónasson er framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar. Hann ber ábyrgð á viðskiptaþróun og greiningum, umsjón með stærri viðskiptasamningum ásamt því að sjá um framsetningu stjórnendaupplýsinga og gerð langtíma áætlana.
- Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir er framkvæmdastjóri mannauðs- og innri þjónustu. Hún ber ábyrgð á mannauðsmálum og starfsmannaþjónustu ásamt öryggis- og umhverfis-málum, gæða og skjalamálum og upplýsingatekni.
- Inga Lára Jónsdóttir er framkvæmdastjóri þjónustu og snjallra lausna. Hún ber ábyrgð á þjónustu við viðskiptavinum, ráðgjöf, mælaþjónustu, afgreiðslu heimilagna og innheimtu.

## Hlítmi við lög og reglur

Félagið hefur ekki gerst brotlegt við lög eða reglur samkvæmt dómi eða stjórnvalds-úrskurði á árinu 2025.

## Samskipti hluthafa og stjórnar

Samskipti hluthafa og stjórnar fara að meginstefnu fram á aðalfundi fyrirtækisins, og eftir atvikum á boðuðum aukafundum.

## Upplýsingar um stjórn

### Friðjón Einarsson

Fyrst kjörinn 2011 og síðan aftur í mars 2023

Friðjón er fæddur árið 1956 og er fyrrverandi formaður bæjarráðs í Reykjanesbæ. Friðjón er með B.ed. gráðu auk Masters gráðu frá Salve Regina University, Newport RI, USA. Hann var áður framkvæmdastjóri hjá Reykjanesbæ árin 1995-2000, síðar framkvæmdastjóri hjá Festu, lífeyrissjóð árin 2000-2006 og deildarstjóri hjá Kaupthing Bank, Luxembourg, með ábyrgð á markaðs- og kynningarmálum árin 2006-2010. Friðjón var bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ á árunum 2010-2024.

Friðjón situr í stjórn Jöfnunarsjóðs Ríkisins.

Friðjón hefur ekki unnið önnur störf fyrir HS Veitur hf. en að sitja í stjórn og endurskoðunarnefnd.

Friðjón á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Friðjón hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins, önnur en að vera bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ og telst því óháður HS Veitum.

# Viðauki 1: Stjórnháttayfirlýsing

## Heiðar Guðjónsson – varaformaður stjórnar

Fyrst kjörinn í apríl 2014

Heiðar er fæddur árið 1972 og er menntaður hagfræðingur (B.Sc.) frá Háskóla Íslands. Heiðar hefur unnið á fjármálamarkaði frá útskrift, hjá Fjárvangi, Íslandsbanka, Kaupþingi New York og Novator, en frá árinu 2009 hjá eigin fjárfestingafélagi, Ursus ehf. Heiðar var forstjóri Sýnar á árunum 2019-2022. Heiðar situr í stjórn eftirfarandi félaga:

- Ursus ehf.
- Íslandsbanki hf.
- Innviðir fjárfestingar slhf.
- HSV eignarhaldsfélag slhf.

Heiðar hefur ekki unnið önnur störf fyrir HS Veitur hf. en að sitja í stjórn og endurskoðunarnefnd.

Starfsstöð : Túngata 5, 101 Reykjavík

Heiðar á hlut í HSV eignarhaldsfélagi slhf. og í Innviðum fjárfestingum sem eru beint hluthafar í HS Veitum hf. og telst því háður félaginu.

Heiðar hefur engin hagsmunatengsl við viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila HS Veitna hf.

## Andri Freyr Stefánsson

Fyrst kjörin í mars 2024

Andri er fæddur árið 1983 og er menntaður lögfræðingur (ML) frá Háskólanum í Reykjavík, LL.M. í lögfræði frá University College London, lögmaður og með próf í verðbréfavíðskiptum. Andri hefur starfað sem lögfræðingur hjá Fons hf., lögmaður hjá Eignarhaldsfélaginu Feng hf., Landsbankanum hf. og Isavia ohf. Andri situr í stjórn eftirfarandi félaga:

- Arctic Track ehf.
- Attorney ehf.
- Pontus ehf.

Andri hefur ekki unnið önnur störf fyrir HS Veitur hf. en að sitja í stjórn.

Andri á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Andri hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins og telst því óháður HS Veitum.

## Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir

Fyrst kjörin í mars 2025 en hafði áður verið varamaður.

Halldóra Fríða er fædd árið 1980 og er með B.Ed. gráðu í grunnskólakennarafræðum, framhaldsmenntun í kennslu blindra og sjónskertra frá University of Birmingham og M.Ed. gráðu í menntun og margbreytileika. Hún hefur starfað sem verkefnastjóri í íslensku sem öðru máli á skrifstofu menntasviðs Reykjanesbæjar frá 2015. Áður starfaði hún sem kennsluráðgjafi á Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blindra og sjónskerta frá 2009-2015 og þar áður sem grunnskólakennari.

Fríðjón á ekki eignarhlut í HS Veitum hf. Halldóra Fríða situr í stjórn eftirtalinna félaga:

- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
- Stjórn Eignasjóðs Reykjanesbæjar
- Bæjarráð og bæjarstjórn Reykjanesbæjar

Halldóra Fríða hefur ekki unnið önnur störf fyrir HS Veitur en felast í stjórnarsetu og setu í endurskoðunarnefnd.

Halldóra Fríða á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Halldóra Fríða hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins, önnur en að vera bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ og telst því óháð HS Veitum.

## Viðauki 1: Stjórnháttayfirlýsing

### Margrét Sanders

Fyrst kjörin í mars 2019

Margrét er fædd árið 1959 og er með MBA gráðu, háskólanám í viðskiptafræði og með B.Ed. gráðu. Hún starfar sem rekstrarráðgjafi og eigandi Strategíu ehf. Margrét var áður formaður Samtaka verslunar og þjónustu í 5 ár, framkvæmdastjóri Deloitte ehf. í 17 ár auk þess að hafa starfað við kennslu og stjórnun í 15 ár. Margrét situr í stjórnnum eftirtalinna félaga:

- VHE ehf.
- Stjórn og endurskoðunarnefnd Keilis
- Amerísk íslenska viðskiptaráðið
- Samband íslenskra sveitarfélaga
- Bæjarráð og bæjarstjórn Reykjanesbæjar

Margrét hefur ekki unnið önnur störf fyrir HS Veitur hf. en að sitja í stjórn og endurskoðunarnefnd.

Margrét á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Margrét hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins, önnur en að vera bæjarfulltrúi hjá Reykjanesbæ og telst því óháð HS Veitum.

### Ómar Örn Tryggvason

Fyrst kjörinn í mars 2020

Ómar Örn er fæddur árið 1970 og er með B.Sc. próf í fjármálafræði frá University of South Carolina. Frá 2013 hefur Ómar verið forstöðumaður sértækra fjárfestinga hjá Summu og framkvæmdastjóri Innviða fjárfestinga slhf. og Innviða fjárfestinga II slhf. Áður var Ómar sjálfstætt starfandi frá 2011 - 2012, hjá Öldu Eignastýringu frá 2011 - 2012 og á árunum 2001 - 2009 starfaði Ómar hjá Kaupþingi, sem sjóðstjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins og annarra lífeyrisafurða, sem forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga og forstöðumaður sjóðastýringar hjá Rekstrarfélagi Kaupþings. Þá var hann forstöðumaður eigin viðskipta og fjárstýringar hjá Íslandsbanka frá 1997 - 2001 og sérfræðingur á peningamálasviði Seðlabanka Íslands frá 1995 - 1997.

Ómar situr m.a. í stjórnnum eftirfarandi félaga:

- HSV eignarhaldsfélag slhf.
- Innviðafélagið GP ehf.
- KFM eignarhaldsfélag slhf.
- Megind ehf.
- Safnatröð slhf.
- Sunnuvellir slhf.
- Verðbréfamiðstöð Íslands hf.
- Volcano Finance ehf.

Ómar hefur ekki unnið önnur störf fyrir HS Veitur hf. en að sitja í stjórn.

Ómar á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Ómar hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins og telst því óháður HS Veitum.

# Viðauki 1: Stjórnháttayfirlýsing

---

## **Þórunn Helga Þórðardóttir**

Fyrst kjörinn í mars 2024

Þórunn Helga er fædd 1984 og er lögmaður með leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi, en hún lauk lagaprófi frá Háskólanum í Reykjavík. Hún er þá einnig með LL.M. gráðu frá Columbia University og Executive MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík. Þórunn starfaði hjá Kaupþingi ehf., áður Kaupþingi banka hf., frá 2009 – 2021, fyrst við uppgjör afleiðuviðskipta, en síðar við lögfræðiráðgjöf til eignastýringar félagsins. Þórunn vann einnig að nauðasamningi Kaupþings og sinnti hlutverki ritara stjórnar.

Þórunn situr í stjórnnum eftirfarandi félaga:

- Summa rekstrarfélag hf.
- Námsgjóður Lögmannafélags Íslands. • Megind ehf.

Þórunn hefur ekki unnið fyrir félagið fyrir utan stjórnarstörf.

Þórunn á ekki eignarhlut í HS Veitum hf.

Þórunn hefur ekki hagsmunatengsl við hluthafa, viðskiptaaðila eða samkeppnisaðila félagsins og telst því óháð HS Veitum.

## **Varamenn í stjórn eru:**

- Helga Jóhanna Oddsdóttir, fulltrúi Reykjanesbæjar
- Sverrir Bergmann, fulltrúi Reykjanesbæjar
- Haraldur Óskar Haraldsson, fulltrúi HSV Eignarhaldsfélags

## Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

### Um HS Veitur hf.

Starfsemi HS Veitna hf. er rekstur og eignarhald á dreifiveitum fyrir raforku, kalt og heitt vatn. Starfsstöðvar félagsins eru á Suðurnesjum, Hafnarfirði, Árborg og Vestmannaeyjum. Í veitustarfseminni felst að byggja upp og reka veitukerfi og veita viðskiptavinum aðgang að þeim. Í hitaveitu er dreifing og sala á heitu vatni sem keypt er af HS Orku hf. fyrir Suðurnes, og framleitt í varmaveri HS Veitna fyrir Vestmannaeyjar. Vatn fyrir dreifingu og sölu á ferskvatni er í meginatriðum keypt af HS Orku hf. fyrir Suðurnes, auk vatnsöflunar frá borholum og vatnslindum HS Veitna fyrir Vestmannaeyjar. Dreifiveita tekur við rafmagni frá flutningskerfi Landsnets og dreifir til viðskiptavina á veitusvæðum félagsins. Fyrirætlanir fyrirtækisins byggjast á getu til að þjóna vaxandi þörfum viðskiptavina með uppbyggingu og styrkingu veitukerfa. Hagkvæmni í rekstri sem skilar viðskiptavinum aukinni hagkvæmni sem byggist m.a. á sjálfvirknivæðingu og löngum líftíma innviða og samstarfi við notendur til að draga úr áhrifum truflana og auðvelda aðgang að þjónustu. HS Veitur hf. eru að meirihluta í eigu opinberra aðila í samræmi við lög nr. 58/2008. Skuldabréf félagsins eru skráð í NASDAQ OMC Iceland hf. (Kauphöll Íslands) undir auðkenninu HSVE. [www.hsveitur.is](http://www.hsveitur.is).

### Umhverfismál

HS Veitur hf. færa heimilum, fyrirtækjum og sveitarfélögum lífsgæði með því að veita aðgang að tærum og endurnýjanlegum auðlindum. Félagið hefur sett sér bæði umhverfis- og sjálfbærnistefnu. Kjarnastarfsemi félagsins byggist á því að dreifa endurnýjanlegri orku og neysluvatni til samfélagsins. Félagið flokkar þann úrgang sem fellur til. Skýrar leiðbeiningar eru fyrir starfsfólk um hvernig á að flokka úrgang. Félagið hefur verið að endurnýja bílaflota sinn og um 70% ökutækja félagsins gengur fyrir vistvænum orkugjöfum og stefnir félagið áfram á að auka hlutfall þeirra. Félagið hefur hvorki birt umhverfisbókhalð né innleitt umhverfisstjórnunarkerfi en birtir ákveðna mælikvarða tengda kolefnislosun í ársskýrslu sinni, sem stefnt er að því að þróa áfram til að hægt sé að nýta til mælinga á árangri. Samkvæmt umhverfisstefnu félagsins er lögð áhersla á að auka umhverfisvitund viðskiptavina og starfsmanna. Allir nýir starfsmenn fá fræðslu um umhverfisstefnu félagsins og tekur sú fræðsla mið af starfi viðkomandi. Félagið miðar að því að kaupa inn umhverfisvottaðar rekstrarvörur á starfsstöðvar sínar og einnig í rekstur og viðhald á eignum félagsins. Einnig er lögð áhersla á að draga úr pappírnotkun á skrifstofum félagsins.

Félagið hefur það að markmiði að lágmarka eftir bestu getu losun á gróðurhúsalofttegundum með því að draga sem mest úr innkaupum á kolefniseldsneyti. Félagið hefur frá árinu 2018 haldið utan um skráningu á losun koltvísýrings vegna eldsneytisbruna (umfang 1). Á árinu 2025 var losun ökutækja fyrirtækisins 71 tonn (2024: 89 tonn) en losun vegna orkuframleiðslu 574 tonn (2024: 113 tonn). Umtalsverð aukning var á losun vegna orkuframleiðslu á milli ára þar sem kaup á olíu vegna kyndistöðvarinnar í Vestmannaeyjum nam 206 þúsund lítrum (2024: 35 þúsund lítrum) vegna skerðinga Landsnets og Landsvirkjunar á raforku til kyndistöðvarinnar.

Mestu umhverfisáhrif HS Veitna hf. eru vegna verkefna sem styðja við kjarnastarfsemi félagsins sem er að útvega rafmagn og vatn til viðskiptavina. Félagið tekur mið af umhverfisáhrifum í öllum sínum verkefnum og setur skýrar kröfur á verktaka. Þá ræðir stjórn umhverfismál á stjórnarfundum og er meðvitað um þau verkefni sem ráðist er í og umhverfisáhrif þeirra. Félagið rekur til að mynda varmadælur sem sér allri byggð Vestmannaeyja fyrir heitu vatni til húshitunar. Með varmadælunum minnkaði raforkunotkun um 2/3 og olíunotkun dróst saman. HS Veitur hf. hafa það að markmiði að verkefni þess miði að því að nota umhverfisvæna orku á sem bestan máta.

HS Veitur hf. hafa á síðustu árum verið að innleiða snjallmæla sem sýna raunnotkun hjá hverjum og einum viðskiptavini. Með þessu er verið að upplýsa viðskiptavini um raunnotkun hvers og eins og greiða viðskiptavinir samkvæmt því. Þessi vitneskja viðskiptavina, auk aukinnar fræðslu, hefur ýtt undir að notendur verði meðvitaðri um eigin neyslu og vandi sig betur þegar kemur að orkunotkun. Innleiðingu snjallmæla lauk á árinu 2024 og eru HS Veitur fyrst veitufyrirtækja til að ná þeim áfanga.

## Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

### Samfélagið og starfsmannamál

HS Veitur hf. hafa sett sér stefnu um starfsmannamál þar sem markmiðið er að tryggja að vinnustaðurinn einkennist af fagþekkingu, verkunnáttu, þjónustulund, starfsgleði, heildarleika og gagnkvæmri virðingu. Möguleikar til að ná fram settum markmiðum byggjast fyrst og fremst á því að fyrirtækið hafi yfir að ráða hæfu, áhugasömu og vel menntuðu starfsfólki, sem getur axlað ábyrgð og sýnt frumkvæði í starfi, brugðist við sibreytilegum þörfum og geti þannig tekið virkan þátt í framþróun fyrirtækisins. Einnig að fyrirtækið leggi metnað sinn í að hlúa vel að sínu starfsfólki til að viðhalda starfsánægju og góðum starfsanda. Samkvæmt niðurstöðum úr vinnustaðagreiningu er mikil starfsánægja hjá starfsmönnum en þátttökuhlutfall í könnun á árinu 2025 var 92% og fékk fyrirtækið 7,9 stig en vísitala íslenskra fyrirtækja er 7,3 stig. Félagið býður starfsmönnum upp á árleg starfsmannasamtöl þar sem er farið yfir óskir og væntingar beggja aðila.

Félagið styður við starfsþróun og símenntun starfsmanna sinna. Gefinn er kostur á að auka við sig þekkingu bæði innan sem utan félagsins. Mikið er lagt upp úr því að fræða starfsmenn um öryggismál og fá allir starfsmenn fræðslu við hæfi. Félagið miðar að því að auðvelda starfsmönnum að samræma fjölskyldulíf með vinnu. Styrkir eru veittir til starfsfólks til þess að ýta undir heilsusamlegan lífstíl. Einnig er aðgangur að heilbrigðisstarfsfólki sem starfsmenn geta nýtt sér, ásamt því að árlega eru starfsmönnum boðið upp á heilsufarsmælingu. Þá er virkt starfsmannafélag sem stendur fyrir ýmsum upþákomum yfir árið.

HS Veitur hf. hafa birt jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlun fyrir árin 2025 – 2028. Áætlunin hefur verið samþykkt af bæði stjórn og framkvæmdastjórn ásamt því að vera yfirfarin og samþykkt af Jafnréttisstofu. Jafnréttisáætlunin og aðgerðaráætlunin er endurskoðuð þriðja hvert ár og er næsta endurskoðun í febrúar 2028. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé fylgt ásamt því að bera ábyrgð á jafnréttismálum í daglegu starfi. Félagið notast við starfsmannakannanir og starfsmannaviðtöl til þess að fylgjast með líðan starfsmanna sinna. Í jafnréttisáætluninni er tekið fram að skýrir ferlar séu til staðar um tilkynningar og meðferð á málum sem koma upp. Félagið miðar að því að fræða starfsfólk sitt og þannig koma í veg fyrir að neikvæð atvik komi upp. HS Veitur hafa frá árinu 2020 uppfyllt kröfur jafnlaunavottunar og nú stendur yfir endurnýjun á jafnlaunakerfi fyrirtækisins. Launamunur kynja og hlutfall launa forstjóra miðað við miðgildi launa er undir þeim viðmiðum sem horft er til.

Heildar starfsmannavelta 2025 var 8%. Meðalstarfsaldur starfsmanna í janúar 2025 var 12,6 ár og meðalaldur starfsmanna 52,2 ár. Þá hafa HS Veitur hf. mælt hlutfall karla og kvenna sem starfa hjá félaginu, en starfsmenn félagsins á árinu 2025 eru 80% karlmenn og 20% konur. Það skýrist af þeim fagstéttum sem fyrirtækið byggir starfsemi sína á, og innan þeirra stétta eru karlmenn mikið fjölmennari.

HS Veitur leggja mikla áherslu á öryggi og velferð starfsmanna sinna. Í öryggishandbók er er farið yfir með ítarlegum hætti hvernig skal starfa á öruggan hátt í margskonar aðstæðum. Auk öryggishandbókar er öflug fræðsla og ítarlegar leiðbeiningar á innri vef HS Veitna fyrir starfsfólk.

HS Veitur hafa starfandi öryggisstjóra sem hefur eftirlit með öryggi á vinnustaðnum og verkstöðum, og tilkynnir öll slys sem verða á vinnustað. Einnig starfar virk öryggisnefnd innan fyrirtækisins sem tekur til umfjöllunar mál er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum í samræmi við lög.

Félagið hlúir vel að öryggisfræðslu starfsmanna og er hún hluti af nýliðafræðslu.

Starfsmenn skrá slys, næstum slys og óhöpp í atvikaskráningakerfi HS Veitna og er það m.a. gert til þess að fyrirbyggja alvarleg slys með úrbótum.

Á árinu var skráning í atvikaskráningakerfi HS Veitna eftirfarandi: eitt fjarveruslys, fimm minniháttar slys, tvö næstum slys, fimm ábendingar og ein tilkynning um einelti.

Árið var einstaklega krefjandi í öryggismálum hjá fyrirtækinu, óvenjulegar og óvæntar aðstæður í tengslum m.a. við jarðvá kölluðu á viðbótar öryggisbúnað og nýja nálgun við að leysa dagleg verkefni við hættulegar og sibreytilegar aðstæður á hverjum tíma, á sem bestan og öruggastan hátt.

Neyðarstjórn var virk á árinu haldnir fimm fundir en að auki áttu fulltrúar fyrirtækisins aðra fundi með helstu viðbragðsaðilum. Í neyðarstjórn situr framkvæmdastjórn ásamt fagfólki þvert á fyrirtækið.

HS Veitur tóku þátt í árlegri netöryggisæfingu neyðarstjórnunar raforkukerfisins (NSR). Að æfinguni komu orku og veitufyrirtæki, aðilar frá stórnotendum, opinberir aðilar ásamt CERT-IS og KraftCERT. En markmið æfingarinnar var að þjálfva viðbrögð stjórnenda við netöryggisatvikum og láta reyna á samskipti milli aðila.

Segja má að á árinu hafi náðst mikill árangur í öryggismálum. Árið 2025 voru 14 mál skráð í atvikaskráningakerfi HS Veitna. En sé miðað við skráningar síðustu fimm ára þá hafa þar meðaltali hafa 27 verið skráningar á ári. Í þeim samanburði hefur verið mikil fækkun á skráðum atvikum s.l. tvö ár.

## Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

---

### Mannréttindi og spilling og mútumál

Það er stefna HS Veitna hf. að starfsmenn sýni samstarfsmönnum sínum og öðrum tilhlýðilega virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót sem viðheldur og endurspeglar góðan starfsanda. Ummæli, tjáning eða atferli starfsmanns gagnvart öðrum sem ógnar, truflar eða ögrar og veldur óþægindum verður ekki liðið. Starfsmenn skulu gæta fyllsta trúnaðar um þau málefni sem þeir verða áskynja í starfi sínu varðandi starfsemi félagsins og viðskiptavini.

HS Veitur hf. hafa birt ítarlegar upplýsingar þar sem tilgreindar eru kröfur sem eru gerðar til verktaka sem taka að sér verk fyrir hönd félagsins. Er þar tekið á öryggis-, heilbrigðis- og umhverfismálum og hvernig verktaki skuli haga framkvæmdum fyrir félagið í samræmi við þær kröfur. Ef ekki er fylgt kröfum sem gerðar eru getur það leitt til frestunar á greiðslum eða riftun á samning. Félagið er jafnframt með mannréttinda yfirlýsingu í birgja-samningum og gerir kröfu um keðjuábyrgð meðal verktaka sem starfa fyrir félagið.

Þá er í starfsreglum stjórnar HS Veitna hf. að finna reglur um vanhæfi. Er stjórnendum óheimilt að taka þátt í meðferð máls um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Stjórn og starfsmönnum ber að tilkynna um mögulega hagsmunaárekstra til regluvarðar eða næsta yfirmanns.

Starfsmenn og stjórnarmenn félagsins þiggja hvorki gjafir né þjónustu eða persónulegan greiða sem geta haft áhrif á viðskipti. Engar tilkynningar né rannsóknir er tengjast atferli birgja/verktaka bárust á árinu 2025.

# Viðauki 3: Flokkunarreglugerð ESB

## 1. Almennar upplýsingar

Flokkunarreglugerð ESB tók gildi á Íslandi 1. júní 2023 með lögum nr. 25/2023 um upplýsingagjöf um sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu og flokkunarkerfi fyrir sjálfbærar fjárfestingar.

Tilgangur reglugerðarinnar er að skilgreina hvaða atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær út frá tæknilegum matsviðmiðum sem koma fram í framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og á að stuðla að gagnsæi í sjálfbærniupplýsingagjöf. Til þess að fyrirtæki geti talist umhverfislega sjálfbær í skilningi reglugerðarinnar þurfa þau að uppfylla viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi skv. 3.gr. reglugerðarinnar. Í fyrsta lagi þarf atvinnustarfsemin að stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum, á sama tíma má hún ekki skaða önnur markmið. Hún þarf að vera stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir og að lokum að hlíta tæknilegum matsviðmiðum.

Umhverfismarkmiðin eru sex: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og eftirlit með mengun, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa. Tæknileg matsviðmið fyrir mildun og aðlögun loftslagsbreytingum hafa verið innleidd með framseldri reglugerð ESB 2021/2139 og atvinnustarfsemi sem þar er tekin fram fellur undir upplýsingaskyldu á Íslandi en framseld reglugerð ESB 2023/2486 um önnur umhverfismarkmið og framseld reglugerð ESB 2023/2485 um uppfærslu á loftslagsmarkmiðum tóku gildi innan ESB árið 2023 og hér á landi frá og með 1. janúar 2025.

Gerð er krafa á að fyrirtæki birti hlutfall veltu, fjárfestingagjalda og rekstrargjalda fyrir nýliðið rekstrartímabil á hæfri starfsemi, það er, starfsemi sem fellur undir flokkunarreglugerðina. Að sama skapi skal birta sömu lykilmælikvarða fyrir starfsemi sem uppfyllir öll viðmið reglugerðarinnar og telst vera samræmd starfsemi eða umhverfislega sjálfbær.

Á Íslandi gildir reglugerðin um fyrirtæki sem falla undir skyldu til að skila ófjárhagslegum upplýsingum skv. gr. 66d í ársreikningalögum nr. 3/2006 og eru HS Veitur þar á meðal. Sem hluta af einföldunarpakka ESB (EU Omnibus simplification package) var gefin út framseld reglugerð (EU) 2026/73 þann 4. júlí 2025, með möguleika á frestun til 1.1.2026. Fjallar hún um breytingu á framseldri reglugerð ESB 2021/2178 að því er varðar einföldun framsetningar upplýsinga sem ber að birta um umhverfislega sjálfbæra starfsemi og á framseldum reglugerðum ESB 2021/2139 og ESB 2123/2486 að því er varðar einföldun tiltekinna tæknilegra matsviðmiða við ákvörðun á hvort að starfsemi valdi ekki umtalsverðu tjóni. Reglugerðin hefur ekki verið innleidd hér á landi.

## 2. Hæf starfsemi í skilningi reglugerðarinnar

HS Veitur hófu yfirferð á starfsemi sinni í samræmi við tæknileg matsviðmið þar sem starfsemi félagsins var borin saman við þau tæknilegu matsviðmið sem nú þegar hafa verið birt út frá umhverfismarkmiðunum mildun loftslagsbreytinga og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Eftirfarandi flokkar eiga við starfsemi HS Veitna og eru þeir allir undir umhverfismarkmiðinu mildun loftslagsbreytinga:

4.9. Flutningur og dreifing á raforku. Hér fellur allur flutningur og dreifing raforku félagsins fyrir utan fjarhitun í Vestmannaeyjum.

4.15. Dreifing fjarhitunar/-kælingar. Undir þennan flokk fellur fjarhitun í Vestmannaeyjum.

4.16. Uppsetning og starfræksla rafmagnsvarmadæla. Undir þennan flokk falla sjóvarmadælur sem ganga fyrir rafmagni sem einnig eru staðsettar í Vestmannaeyjum.

## 3. Umhverfislega sjálfbær starfsemi

Til þess að starfsemi teljist samræmd og þar með uppfylla skilyrði flokkunar-reglugerðarinnar um að vera umhverfislega sjálfbær þarf hún að vera verulegt framlag (e. substantial contribution) og valda ekki umtalsverðu tjóni (e. do no significant harm), auk þess að uppfylla lágmarks verndarráðstafanir. Kröfurnar eru ítarlegar og ljóst að ef að fyrirtæki vilja gefa það út að markmiðin séu uppfyllt með góðri samvisku og þannig að þær standist skoðun þarf mikil grunnvinna að hafa átt sér stað. Félagið mun vinna að nánari útfærslu með það að markmiði að birta upplýsingar um hlutfall umhverfislega sjálfbærrar starfsemi í framtíðinni.

## Viðauki 3: Flokkunarreglugerð ESB

---

### 4. Lykilmælikvarðar

Evrópusambandið hefur gefið út leiðbeiningar um útreikning á lykilmælikvörðum í framseldri reglugerð ESB 2021/2178. Hlutfall veltu, fjárfestingargjalda og rekstrargjalda er reiknað í samræmi við 8.gr. flokkunarreglugerðarinnar. Hins vegar er möguleiki á því að kröfur eða aðferðafræði muni taka breytingum eftir því sem reglugerðin verður uppfærð og getur það haft áhrif á framtíðarútreikninga félagsins.

#### Velta

Hlutfall veltu samkvæmt skilgreiningu flokkunarreglugerðarinnar nær yfir tekjur sem eru færðar skv. a-lið 82. mgr. alþjóðlegs reikningsskilastaðals (IAS-staðli) 1. Heildar velta í samræmi við skilgreininguna er í samræmi við heildar veltu félagsins fyrir árið 2025 eins og hún kemur fram í skýringu 6 með ársreikningi. Þar af er 90% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir. Sjá hlutföll í töflu yfir veltu á bls. 40.

#### Fjárfestingargjöld

Við höfum úthlutað fjárfestingargjöldum á hæfa starfsemi í samræmi við flokkunarreglugerðina. Fjárfestingargjöld samkvæmt 8. gr. flokkunarreglugerðarinnar samanstanda af viðbótum vegna efnislegra og óefnislegra eigna á rekstrarárinu fyrir afskriftir, niðurgreiðslur og endurmat, að undanskildum breytingum á gangvirði. Fjárfestingarútgjöld námu alls 2.761 milljónum króna á árinu 2025 í samræmi við viðbætur ársins í skýringum 5, 13 og 14 með ársreikningi. Þar af eru 70% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir. Sjá hlutföll í töflu yfir fjárfestingargjöld á bls. 41.

#### Rekstrargjöld

Flokkunarreglugerðin skilgreinir rekstrargjöld þrengra en almennt gildir um rekstrargjöld í reikningshaldslegum skilningi. Undir rekstrargjöld skal falla beinn kostnaður sem ekki er færður til eignar, sem varðar rannsóknir og þróun, ráðstafanir vegna endurnýjun bygginga, skammtímaleigu, viðhald og viðgerðir og önnur bein útgjöld vegna daglegs viðhalds varanlegra rekstrarfjármuna fyrirtækisins eða þriðja aðila sem starfsemi er útvistað til, sem þörf er á til að tryggja áframhaldandi skilvirka starfrækslu slíkra eigna. Rekstrargjöld námu alls 1.368 milljónum króna á árinu 2025 og voru til komin vegna viðhalds og viðgerða á eignum félagsins. Þar af eru 73% vegna starfsemi sem flokkunarkerfið nær yfir. Sjá hlutföll í töflu yfir rekstrargjöld á bls. 42.

Þar sem félagið er hvorki með starfsemi sem tengist kjarnorku né jarðgasi eru lykilmælikvarðar tengdir því ekki taldir fram.

Viðauki 3: Flokkunarreglugerð ESB

| Atvinnustarfsemi (1)                                                                                                                | Númer (2) | Heildarvæla (3) | Hlutfall veltu (4) | Viðmið fyrir verulegt framlag        |                                    |                               |                         |            |                                           | Viðmið fyrir verulegt tjón ("Veldur ekki verulegu tjóni") |                                     |                               |                          |             |                                           | Lágmarks verndarráðstafanir (17) | Hlutfall veltu sem fellur að flokkunarkerfinu, ár N 1 (19) | Flokkur(starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum (20) | Flokkur "(umbreytinn garstarfemi)" (21) |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-----------|-----------------|--------------------|--------------------------------------|------------------------------------|-------------------------------|-------------------------|------------|-------------------------------------------|-----------------------------------------------------------|-------------------------------------|-------------------------------|--------------------------|-------------|-------------------------------------------|----------------------------------|------------------------------------------------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------|
|                                                                                                                                     |           |                 |                    | Mótvægi við loftslagsbreytingar (5)* | Aðlögun að loftslagsbreytingum (6) | Væðis- og sjávarauðlindir (7) | Hringrásarhagkerfið (8) | Mengun (9) | Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (10) | Mótvægi við loftslagsbreytingar (11)                      | Aðlögun að loftslagsbreytingum (12) | Væðis- og sjávarauðlindir(13) | Hringrásarhagkerfið (14) | Mengun (15) | Líffræðileg fjölbreytni og vistkerfi (16) |                                  |                                                            |                                                                                           |                                         |
|                                                                                                                                     |           | ISK '000        | %                  | %                                    | %                                  | %                             | %                       | %          | %                                         | Já/Nei                                                    | Já/Nei                              | Já/Nei                        | Já/Nei                   | Já/Nei      | Já/Nei                                    | Já/Nei                           | %                                                          | E                                                                                         | T                                       |
| A. STARFSEMI SEM FLOKKUNARKERFIÐ NÆR YFIR                                                                                           |           |                 | 90%                |                                      |                                    |                               |                         |            |                                           |                                                           |                                     |                               |                          |             |                                           |                                  |                                                            |                                                                                           |                                         |
